

Fjallabyggð



Erindisbréf velferðarnefndar Fjallabyggðar

Umboð

1.gr.

Velferðarnefnd Fjallabyggðar starfar í umboði bæjarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu, samþykkt um stjórn Fjallabyggðar og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Verk og valdsvið

2.gr.

Nefndinni er ætlað að móta stefnu bæjarins í velferðapjónustu, s.s. barnaverndarþjónustu, félagsþjónustu, málefnum fatlaðs fólks, eldra fólks og í jafnréttismálum.

Velferðarnefnd Fjallabyggðar hefur umsjón með þeim málaflokkum sem undir hana heyra í umboði bæjarstjórnar.

Velferðarnefnd hefur heimild til fullnaðarafgreiðslu umsókna um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu samkvæmt reglum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Aðrar ákvarðanir hennar eru ekki bindandi fyrir bæjarfélagið fyrr en þær hafa hlotið staðfestingu bæjarstjórnar.

Velferðarnefnd er fjölskipað stjórnvald. Fulltrúar hlutast ekki til um starfsemi bæjarfélagsins í málefnum sem falin eru nefndinni nema á fundum hennar. Þó getur nefndin falið fulltrúa að vinna að undirbúningi máls með starfsmanni enda felist engar ákvarðanir í þeirri vinnu.

Verkefni

3.gr.

Velferðarnefnd fer með eftirtalin verkefni:

1. Félags – og húsnæðismál

- Verkefni skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr 40/1991 með síðari breytingum, lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barnar nr 86/2021, lögum um málefni aldraðra nr 125/1999 með síðari breytingum og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr 38/2018.
- Stjórn og eftirlit með framkvæmd félagsþjónustu í Fjallabyggð.

- Verkefni samkvæmt lögum nr 44/1998 um húsnæðismál og lögum um húsaleigubætur nr 75/2016 með síðari breytingum.
- Hefur umsjón með dagggæslu barna í heimahúsum og mótar stefnu á því sviði með hliðsjón af stefnu í leikskólamálum Fjallabyggðar.

2. Öldrunar – og heilbrigðismál

- Stefnumörkun um öldrunarþjónustu í Fjallabyggð.
- Verkefni Öldungaráðs sbr. 6-8 gr. laga nr 125/1999 um málefni aldraðra með síðari breytingum.
- Samstarf við önnur sveitarfélög og samstarfsaðila svo sem ráðuneyti og stofnanir ríkisins varðandi málefni eldra fólks og heilbrigðisstofnanir.
- Ábyrgð á samstarfi við frjáls félagasamtök vegna félagslegs starfs eldra fólks og annarri þjónustustarfsemi bæjarfélagsins í þágu eldra fólks.
- Umsjón með gerð og framkvæmd samstarfs – og rekstrarsamninga á verkswiði nefndarinnar, s.s. vegna dvalar – og hjúkrunarheimila og félagsþjónustu eldra fólks.

3. Jafnréttismál

- Stefnumörkun í jafnréttismálum og eftirfylgni markmiða í samræmi við lög nr 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.
- Eftirlit með samþættingu jafnréttissjónarmiða hjá Fjallabyggð.
- Umsjón með gerð jafnréttisáætlunar sveitarfélagsins sem skal endurskoðuð og lögð fyrir sveitarstjórn á fyrsta ári eftir sveitarstjórnarkosningar.

4. Forvarnarmál

- Ábyrgð á forvarnarstarfi í samráði við aðra málaflokka og yfirvöld sem fara með slík mál, s.s. heilbrigðisyfirvöld, íþróttar – og frístundamál, skóla og lögreglu.

5. Málefni fatlaðs fólks

- Ábyrgð á málefnum fatlaðs fólks og samráð við önnur sveitarfélög og yfirvöld í málaflokknum sbr. lög um málefni fatlaðs fólks nr 59/1992.

6. Barnaverndarþjónusta

- Nefndin fer með verkefni yfirstjórnar barnaverndarþjónustu sbr. 10 gr barnaverndarlaga nr 80/2002 með síðari breytingum.

Velferðarnefnd er auk þess umsagnaraðili um almenna þætti félagsmála og um ráðningu yfirmanna stofnana sem heyra undir nefndina.

Stofnanir sem heyra undir Velferðarnefnd
Íbúðasjóður - leiguíbúðir
Dagvist aldraðra
Búsetuþjónusta fatlaðra
Iðja/dagvist
Hornbrekka, dvalar – og hjúkrunarheimili

Laga – og reglurammi

4.gr.

Velferðarnefnd skal í störfum sínum fylgja almennum samþykktum bæjarstjórnar um málefni sveitarfélagsins s.s.

- Stefnumótun bæjarstjórnar
- Mannauðsstefnu
- Jafnréttisstefnu
- Innkaupareglum
- Forvarnaráætlun
- Ferli og framsetningu fjárhagsáætlana

Þá skal nefndin fylgja eftir samþykktum, reglum og gjaldskrár settum af bæjarstjórn og varða málefni á verkswiði nefndarinnar. Um störf Velferðarnefndar gilda ákvæði VI. kafla samþykktar um stjórn Fjallabyggðar.

Skipan

5.gr.

Í 5. gr. laga nr. 40/1991 er kveðið á um að sveitarstjórn skuli kjósa félagsmálanefnd/velferðarnefnd sem fari með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í bæjarfélaginu.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm fulltrúa til setu í velferðarnefnd til fjögurra ára og fimm til vara skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Kosningar skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað.

Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga. Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar og varaformann en nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í bæjarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

Bæjarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í Velferðarnefnd sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan bæjarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur bæjarfulltrúi krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Bæjarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun.

Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan bæjarstjórnar um breytingarnar. Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölulið 44. gr. og 4. tölulið 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

Nefndin getur í sérstökum tilfellum skipað starfs- eða vinnuhópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk innan kjörtímabils nefndarinnar. Í erindisbréfi skal m.a. koma fram hvort leggja skuli reglulegar fundargerðir/skýrslur fyrir nefndina og/eða skila niðurstöðu eða ályktun við lok starfstíma.

Verkstjórn og verkaskipting

6.gr.

Formaður nefndarinnar er í forsvari fyrir hana um stefnumótun og ákvarðanir eftir því sem við á og hefur ásamt öðrum fulltrúum í nefndinni eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Sviðsstjóri Velferðarsviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana nefndarinnar og rekstri á verksviði hennar, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu bæjaryfirvalda.

Boðun funda, fundarsköp og starfshættir.

7.gr.

Nefndin heldur að jafnaði einn fund í mánuði og boðar formaður nefndarinnar, eða varaformaður í forföllum hans, til funda í samráði við sviðsstjóra. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Boða skal fundi með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara.

Heimilt er að senda fundarboð (dagskrá) rafrænt til nefndarmanna, aðalmanna og varamanna, með tölvupósti.

Fundarboðið, dagskrá ásamt fylgigögnum, er þá aðgengilegt rafrænt í gegnum aðgang kjörinna fulltrúa inn á fundargátt bæjarfélagsins.

Í fundarboði skal koma fram staðsetning og tímasetning fundar, auk dagskrár fundarins í

tölusettum liðum. Fundarboði skulu fylgja öll þau gögn sem fulltrúum eru nauðsynleg til að taka upplýsta ákvörðun í málum fundarins.

Sviðsstjóri Velferðarsviðs skal sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Fundir skulu haldnir á fastákveðnum fundartíma sem ákveðin skal á fyrsta fundi nefndarinnar í samráði við sviðsstjóra. Heimilt er að halda fundi Velferðarnefndar í fjarfundi. Formaður nefndarinnar stýrir umræðum og atkvæðagreiðslu á fundum. Auk kjörinna fulltrúa Velferðarnefndar eiga Sviðsstjóri Velferðarsviðs og bæjarstjóri seturétt á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Fundir skulu haldnir skv. boðaðri dagskrá. Öll frávik frá henni skulu borin undir atkvæði.

Engin mál skulu tekin til meðferðar nefndarinnar án undirbúnings.

Velferðarnefnd skal halda gerðabók. Fundargerð skal skráð með rafrænum hætti skv. ákvörðun bæjarstjórnar sbr. 14. gr. samþykktar um stjórn Fjallabyggðar.

Sviðsstjóri er að jafnaði fundarritari nefndarinnar, en nefndin getur ráðið sérstakan fundarritara úr sínum hópi eða starfsmannahópi bæjarfélagsins.

Fundargerðir skráðar í tölvu.

Bæjarstjórn er heimilt að ákveða að fundargerðir séu skráðar í tölvu/fundargerðakerfi.

Sé það gert skal skrá í gerðabók nefndarinnar, númer fundar, hvar og hvenær fundur er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu/fundargerðakerfi.

Að öðru leyti gilda samþykktir um stjórn Fjallabyggðar varðandi ritun fundargerða og varðveislu sbr. 39. grein samþykktanna.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

8.gr.

Um hæfi nefndarfulltrúa og starfsmanna bæjarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar, eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður bæjarfélags ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis bæjarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber nefndarfulltrúa eða starfsmanni bæjarfélags að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd bæjarfélags.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fjármál og ráðningar starfsmanna

9.gr.

Nefndin fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir hana heyra og felur sviðsstjóra ásamt stjórnendum einstakra málaflokka að vinna starfsáætlun og tillögur að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsröðun nefndarinnar. Nefndin afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu. Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður nefndarinnar og sviðsstjóri kynna bæjarstjórn starfsáætlun og tillögur að fjárhagsáætlun. Bæjarráð ræður sviðsstjóri Velferðarsviðs að fenginni tillögu bæjarstjóra. Sviðsstjóri ræður í störf undirmanna sinna.

Fullnaðarafgreiðsla mála

10.gr.

Lögbundnar fullnaðarákvarðanir eru eftirfarandi:

- Í samræmi við ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr 40/1991, sbr. einnig ákvæði laga um húsaleigubætur nr 75/2016, eru ákvarðanir velferðarnefndar varðandi réttindi og skyldur skjólstæðinga nefndarinnar fullnaðarákvarðanir.

Velferðarnefnd afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 1.mgr. 42. gr sveitarstjórnarlaga nr 138/2011 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Fjallabyggðar:

- Afgreiðsla og ákvarðanir um styrki, fyrirgreiðslu og stoð – og stuðningsþjónustu til einstaklinga samkvæmt reglum staðfestum af bæjarstjórn.

Málsmeðferð

11.gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðana skal þess gætt að farið sé að lögum sem um velferðapjónustu gilda, sveitarstjórnarlögum, stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýslu.

Óski aðili máls rökstuðnings eða beri fram kvörtun vegna afgreiðslu nefndarinnar skal viðkomandi leiðbeint um réttarstöðu sína og málskotsrétt, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í bæjarráði með hliðsjón af 24.gr. stjórnsýslulaga. Telji bæjarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal nefndin taka mál upp.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar 6. júní 2025